

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 266/2014****2015/EES/71/13****frá 12. desember 2014****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 492/2014 frá 7. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar reglur varðandi endurnýjun leyfa fyrir sæfivörum sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12nz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 438/2014) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nna. **32014 R 0492**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 492/2014 frá 7. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 að því er varðar reglur varðandi endurnýjun leyfa fyrir sæfivörum sem falla undir gagnkvæma viðurkenningu (Stjtið. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 492/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 14.5.2014, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.